

RITSTJÓRASPJALL

UNNIÐ GEGN STAÐAL- ÍMYNDUM KYNJANNA

MITT Í því sem ég var að ganga frá viðtölum við karlmenn í hjúkrun sem birtast í þessu blaði fylgdist ég með umræðum á Facebook hjá fyrrverandi samstarfsskonu minni sem var að jafna sig eftir aðgerð. Umræðuefnið var um karlmenn í hjúkrun – skemmtileg tilviljun það – en umræðan spratt út frá því að hún þurfti aðstoð við að fara á baðherbergið og það féll í hlut karlkynshjúkrunarfræðings. „Þetta var mjög skrýtin tilfinning og ég var alveg við það að afpakka aðstoðina, en mér var mál og ég þurfti hjálp og allt annað starfsfólk var upptekið,“ skrifaði hún og spurði svo: „Hvað hefðuð þið gert?“ Margir tóku þátt í umræðunum og samsömuðu sig við reynslu hennar. En þetta væru óþarfa áhyggjur þar sem viðkomandi væri ekki að sjá eitthvað í fyrsta sinni. Við værum von að slík aðstoð væri veitt af öðrum konum, og þetta óöryggi endurspeглаði valdaójafnvægi á milli kynjanna sem og óöryggi hjá konum að bera sig fyrir ókunnugan karlmann. Þegar eitthvað óvænt gerist bregðumst við oft við hugsunarlaust. En þegar maður staldrar við og spyr sig af hverju, þá má oft brosa að því hvað við erum fastheldin og tepruleg.

„Það þarf að búa til ímynd af karlmönnum í hjúkrun. Þessi ímynd hefur aldrei verið til,“ segir Valur Freyr Halldórsson Hvanndal, hjúkrunarfræðinemi við Háskóla Akureyrar, í viðtali í þessu tölublaði. Ingólfur V. Gíslason, dósent í félagsfræði við Háskóla Íslands, segir okkur vera föst í menningarlegum hugmyndum um hvað hæfi



konum og körlum – að umönnunarstörf séu kvennastörf – og það skýri hversu fáir karlmenn leggi fyrir sig hjúkrun. Umhyggjan er kvengerður eiginleiki og það grefur undan norrænni karlmennsku að velja sér umhyggju að starfi, segir hann. En umhyggja er ekki alls staðar kvengerð og það má sjá víða í nágrannalöndum okkar. Á Ítalíu er til að mynda engin mótsögn í því að sýna umhyggju og að vera karlmaður líkt og Ingólfur bendir á. Viðmælendur í þessu tölublaði tala sínu máli og því fer fjarri að það sé vegið að karlmennsku þeirra í hjúkrun.

„Bréf var sent á alla karlmenn, sem eru skráðir í félagatal Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, og óskað eftir þátttöku þeirra. Um þriðjungur hefur þegar skráð sig.“

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga er að hefja átak til að efla þátt karlmanna í hjúkrun með því meðal annars að fjölga þeim í hjúkrun undir yfirskriftinni Karlmennt hjúkra. Bréf var sent á alla karlmenn, sem eru skráðir í félagatal Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, og óskað eftir þátttöku þeirra. Um þriðjungur hefur þegar

skráð sig. Markmiðið er að kynna fyrir almenningi að hjúkrunarfræði er spennandi kostur fyrir karla – ekki síður en konur – og á sama tíma að vinna gegn rótgrónum staðalímyndum kynjanna. Hlutfall karlmanna í hjúkrun á Íslandi er um 2% og er það heldur lægra en í nágrannalöndum okkar. Samstarf verður við HeForShe sem er alþjóðleg hreyfing UN Women sem hvetur sérstaklega karlmenn til að láta til sín taka í baráttunni fyrir kynjajafnrétti. Karlmenn í stéttinni eru hvattir til þátttöku.